



14. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025 - 2026

2. febrúar 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB), Ívar Hauksson (ÍH), Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS), Hákon Leifsson (HL) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS).

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. Skipun nefndara Afreks- og hvatningarsjóðs

Stjórn skipar úthutunarnefnd afreks- og hvatningarsjóðs Fáks. ÍH er tilnefndur fyrir hönd stjórnar og verður jafnframt formaður nefndarinnar. Í nefndinni situr einnig VFS sem yfirbjálfi félagsins. Sigurbjörn Bárðarsson hefur samþykkt að sitja einnig í nefndinni sem afreksmaður í íþróttinni.

3. Fyrirspurn til byggingarfulltrúa

HS og EG hafa fundað með Sigurði Matthíassyni og Eddu Rún Ragnarsdóttur. Þau hafa áhuga á að hefja framkvæmdir við byggingu reiðskemmu á reiti 1 sem þau fengu úthlutað árið 2017. HS og EG hafa lagt til að byrja á því að leggja inn fyrirspurn til byggingarfulltrúa um hvort byggingarleyfi fáiist fyrir byggingunni.

4. Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

EG leggur til að það verði send inn fyrirspurn til skipulagsfulltrúa hvort hægt sé að skrá götunöfn og númer hesthúsa í Faxabóli. Eins og er eru húsín ekki rétt skráð í fasteignaskrá og hefur neyðarlínan lent í vandræðum með að finna hús í útköllum í Faxaból.

5. Umsögn um deiliskipulagstillögu Hlíðarvallar í Mosfellsbæ og reiðvegur í gegnum Korpúlfsstaðavöll

HS hefur skilað inn umsögn um áform um stækkun Hlíðarvallar í Mosfellsbæ og áhrif stækkunarinnar á reiðleið meðfram golfvöllinum sem er ein af aðal reiðleiðum hestamannafélagsins Harðar úr frá félagssvæði þeirra. Formenn Sprettis, Sörla, Sóta og Adams skrifuðu einnig undir umsögnina.

HS fór einnig yfir framkvæmdir sem GR er að vinna að á reiðleið í gegnum golfvöllinn á Korpúlfsstöðum. Farið var yfir tölvupóst frá Hákon Hákonsyni þar sem staða málsins er reyfuð. Bodað verður til vettvangsferðar þegar þeir telja sig vera búna að lagfæra reiðleiðina og setja upp þær stikur og merkingar sem rætt var um.

6. Samningur við iðkendur í félagshesthúsinu

Lögd eru fram drög að samningi milli Fáks og forráðamanna iðkenda í félagshesthúsinu. Stjórn samþykkir samninginn og að gerður verði samningur við alla forráðamenn í húsinu.

7. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun kynnt fyrir stjórn. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir framkvæmdum sem tengjast kerrusvæði, útisvæði við félagsheimili, niðurrifi á dómskúr og viðhaldi á götum.

Er fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar og er hún samþykkt samhljóða.

8. Aðalfundur

Lagt er til að dagsetning aðalfundar verði 21. apríl. HS óskar eftir því að þeir stjórnarmenn sem eiga að ganga úr stjórn hugleiði hvort þeir vilji gefa áfram kost á sér til stjórnarsetu.

9. Önnur mál

a. Almennadalur 9

HS fékk upplýsingar í morgun um að framkvæmdir væru hafnar að nýju við Almennadal 9 og stefnt væri að því að steypa húsið í næstu viku. HS sendi tölvupóst á Reykjavíkurborg með kröfu um að framkvæmdir verði stöðvaðar tafarlaust og hefur ítrekað reynt að ná í þann starfsmann sem er ábyrgur fyrir verkinu hjá Reykjavíkurborg, án árangurs.

b. Stórsýning

Rætt var um atriði á Stórsýningu.

c. Vetrarmót

Umræða um fjölda dómara á vetrarmótum. Ákveðið var að fjölga dómurum um einn, þ.a. tveir dómarar dæmi saman vetrarmót.

d. Reiðkennarar

Umræður um undirbúning fyrir landsmót.

Fundi var slitið kl. 17:50.